

Skrifstofa Alþingis

Umhverfis og samgöngunefnd Alþingis

Kirkjustræti 101 Reykjavík Alþingi – 150 Reykjavík

Frumvarp til laga um breytingu um menningarminjar, nr. 80/2012 (friðlýsing trjálunda, stakra trjáa og garðagróðurs).

151. löggjafarþing 2020-2021 - Þingskjal 886 – 527 mál

Fyrir hönd Garðsöguhóps félags íslenskra landslagsarkitekta, FÍLA, lýsum við yfir mikilli ánægju með farmkomna lagabreytingu.

Með þessari lagabreytingu er stigið jákvætt skref til þess að ná til lifandi minja. Með þessu er komið til móts við óskir og væntingar fjölmargra sem telja þessar minjar óhultar. Lifandi minjar eru oftast staðfesting á því að á staðnum hefur verið búseta og oft er stök tré eina vísbending um fyrri búsetu. Með lagabreytingu þessari þá er lagður grundvöllur að nýjum kafla í vernd menningarminja.

Málið kann að virðast sérhæft úrlausnarefni fyrir Minjastofnun, en með góðu faglegu utanumhaldi fagnefndar sérfræðinga mun það vel geta gengið.

Í greinargerð okkar „Garða lifandi minjar“ Bls. 40, lögðum við til leið til þess að fullnægja þessu hlutverki Minjastofnunar með sérstakri fagnefnd sem væri falið það hlutverk að móta friðlýsingar tillögur.

FRIÐLÝSING TRJÁLUNDA, TRJÁA OG GARÐAGRÓÐURS

Menntamálaráðherra getur, að fengnu álit Minjastofnunar, friðað einstök tré, trjálundi og garðagróður.

Minjastofnun undirbýr friðlýsingu og starfrækir í því skyni nefnd sem í sitja fimm

Fastafulltrúar; einn frá Minjastofnun, einn frá SAMGUS - Samtök garðyrkju og umhverfisstjóra sveitarfélaga, einn frá Skógræktarfélagi Íslands, einn frá FÍLA félagi íslenskra landslagsarkitekta og einn frá Landbúnaðarháskóla Íslands LBHÍ.

Nefndin útbýr friðlýsingarskilmála þar sem fjallað er um vernd, meðferð, mögulegar aðgerðir og skyldur aðila.

Friðlýsing tekur gildi þegar ráðherra staðfestir skilmálana með undirskrift og er hún ígildi reglugerðar. Ytri mörk hins friðlýsta minjastaðar skulu skilgreind á rafrænum kortagrunni. Minjastofnun heldur yfirlitsskrá yfir friðlýsta trjálundi, tré og garðagróður skv. ákvæði þessu. Friðlýsing skv. þessari grein er háð samþykki eigenda viðkomandi trjálunda, trjáa og garðagróðurs og viðkomandi sveitarfélags.

Minjastofnun skal láta þinglýsa friðlýsinguna sem kvöð á landi/lóð þeirri sem í hlut á. Greina skal í tilkynningu til hvers friðlýsingin nær. Ráðuneyti auglýsir friðlýsingu í B-deild Stjórnartíðinda. Um undirbúning og ákvörðun um friðlýsingu fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Kveðjur f.h. Garðsöguhóps FÍLA.

Auður Sveinsdóttir landslagsarkitekt FÍLA

Einar E. Sæmundsen landslagsarkitekt FÍLA